

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Múlaþingi.

#### 1. gr.

Hunda- og katta eigendur sem búsettir eru í Múlaþingi, skulu greiða skráningargjöld, sbr. 19. gr. samþykktar um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Múlaþingi, nr. 1360/2022.

#### 2. gr.

Af hundum skal innheimta leyfisgjald, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 1360/2022, að upphæð kr. 15.390 á hvern hund. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Gjald greiðist á gjalddaga 1. febrúar en eindagi er 28. febrúar ár hvert.

Af köttum skal innheimta leyfisgjald, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 1360/2022 að upphæð kr. 10.443 á hvern kött. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Gjald greiðist á gjalddaga 1. febrúar en eindagi er 28. febrúar ár hvert.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt nr. 1360/2022. Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

#### 4. gr.

Handsömunargjald vegna hunda skv. 19. gr. samþykktar nr. 1360/2022 er sem hér segir:

- A. Grunngjald, sem greiðist við hverja föngun er kr. 16.490.
- B. Gistigjald, sem greitt er fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur er í vörslu er kr. 6.596.
- C. Álag sem bætist ofan á grunngjald og gistigjald, ef hundur er fangaður utan dagvinnutíma, er kr. 16.490.
- D. Stórhátíðaálag sem bætist ofan á grunngjald, gistigjald og álag skv. C-lið, ef hundur er fangaður á stórhátíðardögum, er kr. 16.490.

Ef til aflifunar hunds kemur, skal eigandi dýrsins að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað. Ef hundur var ekki ormahreinsaður í síðustu skipulögðu ormahreinsun fyrir handsömun, eða síðar af dýralækni, skal láta ormahreinsa hundinn áður en hann er afhentur eiganda og skal eigandi greiða útlagðan kostnað vegna hreinsunarinnar.

#### 5. gr.

Handsömunargjald vegna katta, skv. 19. gr. samþykktar nr. 1360/2022 er sem hér segir:

- A. Grunngjald, sem greiðist við hverja föngun er kr. 16.490.
- B. Gistigjald, sem greitt er fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem köttur er í vörslu er kr. 6.000.
- C. Álag sem bætist ofan á grunngjald og gistigjald, ef köttur er fangaður utan dagvinnutíma, er kr. 16.490.
- D. Stórhátíðaálag sem bætist ofan á grunngjald, gistigjald og álag skv. C-lið ef köttur er fangaður á stórhátíðardögum, er kr. 15.000.

Ef til aflifunar kattar kemur, skal eigandi dýrsins að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað. Ef köttur var ekki ormahreinsaður í síðustu skipulögðu ormahreinsun fyrir handsömun, eða síðar af dýralækni, skal láta ormahreinsa köttinn áður en hann er afhentur eiganda og skal eigandi greiða útlagðan kostnað vegna hreinsunarinnar.

6. gr.

Ofangreind gjaldskrá er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæladyrahald í Múlaþingi, nr. 1360/2022 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Við staðfestingu gjaldskrár þessarar sem var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 14. desember 2022 fellur úr gildi gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds í Múlaþingi nr. 1386/2020.

*Múlaþingi, 19. desember 2022.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2023